

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 2017 í málinu nr. E-2239/2016:

Landsbankinn hf.

(Arndís Sveinbjörnsdóttir hdl.)

gegn

Jónasi Rúnari Sigfússyni

(Jóhanna Katrín Magnúsdóttir hdl.)

Mál þetta var höfðað 18. ágúst 2016 af Landsbankanum hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík. Stefndi er Jónas Rúnar Sigfússon, Torfufelli 26, 111 Reykjavík. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 7. september sl.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 128.439.804 krónur ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 113.713.361 krónu frá 9. janúar 2014 til 19. júní 2014 og af 128.439.804 krónum frá 19. júní 2014 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun hinn 1. mars 2017 að fjárhæð 72.129.786 krónur, sem dregst frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Stefndi var viðskiptavinur Landsbanka Íslands hf. til margra ára. Hann er menntaður grunn- og framhaldsskólakennari og starfaði sem slíkur. Kona hans sem nú er látin var óvinnufær og byggðu þau afkomu sína á tekjum stefnda. Voru fjármunir hans að sögn að mestu bundnir í fasteigninni sem þau bjuggu í, sem var stórt einbýlishús við Sólvallagötu í Vesturbæ Reykjavíkur. Árið 2006 kveður stefndi að sú staða hafi komið upp vegna veikinda eiginkonu hans að honum hafi verið nauðugur sá kostur að finna sér og konu sinni heppilegri eign og minni.

Fasteignin við Sólvallagötu hafi hins vegar verið þung í sölu og kveðst stefndi þá hafa leitað ráða hjá starfsmanni Landsbanka Íslands hf., sem hafi ráðlagt stefnda að taka brúarlán í erlendri mynt á lágum vöxtum. Út á fyrirheit bankans um brúarlán í erlendri mynt og á lágum vöxtum kveðst stefndi hafa keypt tvær fasteignir. Aðra

fyrir sig og konu sína og hina fyrir dóttur sína, sem bjó áður í kjallaraíbúð hússins við Sólvallagötu. Þegar á reyndi hafi bankinn ekki getað staðið við loforð sitt um lán í erlendri mynt. Fjármögnunin hafi því endað með skammtímaláni, á mun hærri vöxtum, að fjárhæð 55.000.000 króna, 21. ágúst 2006. Töluverð bið varð á að húsið seldist og var vaxtabyrðin á skammtímaláninu afar íþyngjandi fyrir stefnda.

Þegar aðstæður bötnuðu á markaði gat bankinn í maí 2007 gengið frá lánsamningi í erlendum myntum til tveggja ára eins og áður hafði verið lofað. Lánsamningurinn var undirritaður 23. maí 2007 og er númer 8020. Ráðstafa átti láninu til að greiða upp skammtímalánið, að upphaflegri fjárhæð 55.000.000 króna, og önnur smærri lán þannig að eftir stæði aðeins lánsamningurinn þangað til fasteignin við Sólvallagötu yrði seld.

Með kaupsamningi, 21. ágúst 2007, seldi stefndi fasteign sína við Sólvallagötu. Kaupverðið, 72.500.000 krónur, var greitt inn á reikning stefnda hjá Landsbanka Íslands hf. 5. september 2007. Lánsamningur stefnda var til tveggja ára og var hugsaður til þess að brúa bilið þar til fasteign hans yrði seld. Stefndi kveður að þegar ljóst hafi verið að fasteignin myndi seljast hafi starfsmaður Landsbanka Íslands hf., Jón Þór Helgason, sem var tengiliður stefnda hjá bankanum og átti tillöguna að fjármögnunarferlinu, haft frumkvæði að því að hvetja stefnda til að gera vaxtaskiptasamning við bankann. Stefnda var að sögn kynnt að slíkur samningur byggðist á því að í stað þess að greiða upp brúarlánið skyldi það sem fengist fyrir fasteignina notað til að kaupa Peningabréf Landsbankans. Lánið myndi þá standa áfram sem hluti af vaxtaskiptasamningi en stefndi kveðst alltaf hafa gert ráð fyrir að gera upp fyrirgreiðslu Landsbanka Íslands hf. þegar fasteign hans seldist. Umræddur fjárfestingasjóður hafi verið kynntur sem áhættulaus fjárfestingarleið af starfsmönnum Landsbanka Íslands hf. Viðkomandi starfsmaður Landsbanka Íslands hf., Jón Þór Helgason, hafi einnig séð um fjármögnun fyrir kaupanda fasteignarinnar við Sólvallagötu og hafi því þekkt vel til fjárstreymis hjá stefnda. Hann hafi því mátt vita, að mati stefnda, að þeir fjármunir sem hafi verið undir hafi verið nánast aleiga stefnda og hugsaðir sem lífeyrir hans og konu hans í fyllingu tímans. Í stað þess að gera upp lánsamninginn var því, að sögn stefnda og vitnisins Jóns Þórs, ákveðið að gera umræddan vaxtaskiptasamning og að stefndi keypti fyrrgreind Peningabréf Landsbankans. Stefndi hefur alfarið mótmælt því að gerður hafi verið slíkur vaxtaskiptasamningur. Stefndi hafi einfaldlega nýtt andvirði eignar sinnar til að kaupa peningabréf. Jón Þór hafi þó tilkynnt, með sérstakri yfirlýsingu frá maí 2008, að hann hafi kynnt vaxtaskiptasamninginn þannig að stefndi gæti þá nýtt sér vaxtamun á milli erlendra myntar, sem

lánssamningurinn byggðist á, og íslensku krónunnar til að standa undir vaxtakostnaði af lánssamningnum og rúmlega það.

Stefndi fullyrðir að honum hafi verið kynnt þetta sem nánast áhættulaus gjörningur sem hann gæti nýtt til að greiða upp lánið án annars fjármagns en þess sem vaxtaskiptasamningurinn gæfi af sér. Vitnið Jón Þór staðfesti fyrir dómi að bankinn hefði enda kynnt þetta sem áhættulaus viðskipti. Áhættan hafi í mesta lagi átt að vera sú að þessi viðskipti gætu staðið á núlli. Ágreiningslaust er að stefndi skrifaði ekki undir neitt samþykki eða önnur skjöl í tengslum við þessi viðskipti.

Sama dag og kaupverð fasteignarinnar að Sólvallagötu var greitt út keypti stefndi Peningabréf Landsbankans fyrir sömu upphæð, þ.e. 72.500.000 krónur, og sá Landsbanki Íslands hf., að sögn stefnda, alfarið um það. Allar hreyfingar fjármuna hafi verið framkvæmdar án undirskriftar stefnda og án beinnar aðkomu hans.

Stefndi fullyrðir að honum hefði aldrei komið til hugar að eiga frumkvæði að eða óska eftir viðskiptum eins og að framan er lýst og að hann hafi ekki þurft þessi viðskipti, þar sem hann hefði án þeirra, átt skuldlausar fasteignir þegar eign hans við Sólvallagötu hafi verið seld.

Samtals námu innlausnir á Peningabréfum Landsbankans, á tímabilinu frá 28. september 2007 til 5. september 2008, 7.920.000 krónum sem fóru til greiðslu vaxta og kostnaðar. Stefndi hafði samband við fulltrúa sinn hjá bankanum um hver mánaðamót, þegar kom að vaxtagreiðslu, til að upplýsa um þá upphæð sem standa þyrfti skil á. Var það eina aðkoma hans að vaxtaskiptasamningnum. Stefndi kveðst ekki hafa getað selt peningabréfin sjálfur, þar sem bankinn hafi haldið þeim að handveði. Stefndi hefur þó bent á að ekki hafi verið gengið frá handveðssetningunni fyrr en í febrúar 2008.

Önnur þeirra eigna sem stefndi keypti var íbúð við Dunhaga í Vesturbæ Reykjavíkur, fyrir dóttur hans sem var í háskólanámi. Aðstæður hjá dóttur stefnda breyttust og stefndi vildi kaupa aðra eign sem hentaði henni betur en til þess þurfti ekki viðbótarfjármagn. Stefndi leitaði þá til Landsbanka Íslands hf. eftir ráðgjöf, ef lagt yrði í að kaupa dýrari eign. Stefndi kveður að fulltrúi bankans hafi þá lagt til að hann tæki kúlulán, sambærilegt láni nr. 8020. Lánssamningurinn myndi ganga inn í vaxtaskiptasamning aðila sem að framan er lýst og myndi stefndi greiða niður lánið með innlausnum af inneign sinni og ávöxtun hjá Peningabréfum Landsbankans. Aukin greiðslubyrði stefnda yrði því engin. Út á fyrirheit Landsbanka Íslands hf.,

kveðst stefndi hafa selt eignina við Dunhaga og keypt aðra fasteign 16. janúar 2008.

Auk handveðs í Peningabréfum Landsbanka Íslands hf., gerði bankinn kröfu um frekari tryggingar. Því voru útbúin tryggingarbréf með veði í fasteignum stefnda.

Lokað var fyrir innlausnir á umræddum peningabréfum 6. október 2008. Í kjölfarið voru peningasjóðir Landsbankans leystir upp og inneignir greiddar út. Útgreiðsluhlutfall nam 68,8% og var greiðsla til stefnda innt af hendi inn á bankareikning hjá stefnanda. Innstæðunni var ráðstafað upp í kröfu stefnanda 1. mars 2017.

Stefndi kveðst hafa gert ítrekaðar tilraunir til að ná tali af starfsmönnum Landsbanka Íslands hf. til þess að ræða umrædd vaxtaskiptaviðskipti en án árangurs.

Stefnukröfur málsins byggja því samkvæmt framangreindu á tveimur lánssamningum milli forvera stefnanda, Landsbanka Íslands hf., og stefnda. Annar lánsamningurinn var undirritaður 14. mars 2008 og er auðkenndur með númerinu 11605. Samningurinn er um fjölmyntalán til fimm ára, upphaflega að jafnvirði 10.000.000 króna í eftirtöldum myntum og hlutföllum: JPY 17%, EUR 35%, CHF 22% og CAD 26%. Lánstími skyldi vera fimm ár. Lánið bar að greiða að fullu á næstu fimm árum með 60 afborgunum á eins mánaðar fresti, þannig að á fyrstu 59 gjalddögum, hverjum um sig, skyldi greiddur 1/300 hluti lánsupphæðarinnar og á lokagjalddaga þann 1. apríl 2013, 241/300 hluti lánsupphæðarinnar. Fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta var 1. maí 2008. Vextir voru breytilegir, jafnháir LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 2,75% vaxtaálags. Vextir skyldu reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast eftir á á gjalddögum. Stæði lántaki ekki skil á greiðslu vaxta eða afborgunar á gjalddaga bar honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Bankinn hafði um það val, hvort krafist væri dráttarvaxta af fjárhæðinni í erlendri mynt, eða af skuldinni breyttri í íslenskar krónur. Skilyrði fyrir útborgun lánsins var m.a. að bankanum myndi berast beiðni um útborgun. Bankanum barst slík beiðni þann 14. mars 2008 þar sem stefndi, óskaði eftir að lánið yrði greitt út þann 18. mars 2008. Í kjölfarið voru greiddar út 9.990.001 króna.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands um ólögsmæti gengistryggðra lána hóf bankinn endurútreikning á lánum viðskiptavina sinna í samræmi við ákvæði laga nr.

151/2010, þar á meðal lán stefnda sem bankinn skilgreindi sem ólögmeitt. Eftirstöðvar lánsins fyrir endurútreikning voru 18.773.347 krónur en eftir endurútreikning 13.363.351 króna, miðað við 1. september 2011. Í kjölfar dóma réttarins í málum nr. 600/2011 og nr. 464/2012, um gildi fullnaðarkvittana, var endurútreikningurinn leiðréttur. Staða lánsins fyrir þann endurútreikning var 16.974.010 krónur en eftir endurútreikning 14.726.443 krónur.

Hinn lánessamningurinn var undirritaður 23. maí 2007 og er auðkenndur með númerinu 8020. Samningurinn er um fjölmyntalán til tveggja ára að jafnvirði 75.000.000 króna í CHF 52%, JPY 38% og SEK 10%. Lánið bar að greiða að fullu með einni afborgun í lok lánstímans, 4. maí 2009. Vexti skyldi þó greiða á eins mánaðar fresti út lánstímann, í fyrsta sinn 4. júní 2007. Af láninu skyldi greiða breytilega vexti jafnháa LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 1,90% vaxtaálags. Vextir reiknuðust frá útborgunardegi lánsins og greiddust eftir á á gjalddögum. Við vanskil bar stefnda að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfeldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Beiðni um útborgun lánsins 25. maí 2007 barst bankanum 23. maí 2007.

Bankinn taldi þennan samning einnig kveða á um ólögmeitt gengistryggt lán og var það því endurreiknað. Eftirstöðvar lánsins fyrir endurútreikning voru 233.075.403 krónur en eftir endurútreikning 115.286.872 krónur, miðað við 9. september 2011. Eftir að fyrrgreindir dómar Hæstaréttar Íslands gengu um gildi fullnaðarkvittana var endurútreikningur lánsins leiðréttur. Lánið fór þá úr 150.555.551 krónu í 113.713.361 krónu.

Eftirstöðvar lánessamninganna beggja, samkvæmt framansögðu, mynda stefnufjárhæð málsins.

Fjármálaeftirlitið tók ákvörðun 9. október 2008, með heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, um að ráðstafa eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbankans hf.

II

Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Þá byggir stefnandi kröfu um málskostnað á 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991, um meðferð einkamála.

Stefnandi kveður málið ofur einfalt. Ágreiningslaust sé að stefndi hafi skrifað undir umrædda lánsamninga og að hann hafi fengið andvirði lánanna að frádregnum kostnað greitt inn á reikning sinn og því getað ráðstafað fénu að vild í kjölfarið.

Stefnandi kveðst munu ráðstafa innborgunum fyrst til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls.

III

Stefndi telur umþrætta lánsamninga vera hluta af vaxtaskiptaviðskiptum sínum og forvera stefnanda, Landsbanka Íslands hf. Stefndi geti ekki einhliða skilið hluta viðskiptanna frá heldur verði að skoða viðskiptin í heild. Stefndi hafi við yfirfærslu þessara gerninga til nýja Landsbankans, með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, ekki misst neinn mótbárurétt gagnvart stefnanda.

Aðalkrafa stefnda um sýknu er í fyrsta lagi byggð á því að lánsamningarnir séu óskuldbindandi fyrir stefnda. Umræddir lánsamningar séu hluti af óundirrituðum vaxtaskiptasamningi milli sömu aðila. Landsbanki Íslands hf. hafi hvorki sinnt upplýsingaskyldu sinni við samningsgerðina né gætt að hlutleysi sínu og með því ekki uppfyllt nánar tiltekin ákvæði þágildandi laga nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, ákvæði laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og reglugerð sem sett er með stoð í framangreindum lögum, sem og ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Um þetta vísar stefndi til þess að á Landsbanka Íslands hf. hafi hvílt skylda til að gera sérstakan skriflegan samning um þau vaxtaskiptaviðskipti sem áttu sér stað, sbr. 2. mgr. 7. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti. Sérstaklega sé vísað til umfangs viðskiptanna og þeirrar áhættu, sem þeim hafi verið samfara. Starfsmaður bankans, sem komið hafi viðskiptunum á, hafi verið fullmeðvitaður um að aleiga stefnda væri undir. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði hafi fjármálafyrirtæki, sem hafi verið í viðvarandi viðskiptasambandi við viðskiptavin, verið skylt að gera um þau skriflegan samning. Stefnda hafi hvorki verið gert að skrifa undir samning um fjárfestingarráðgjöf við bankann né almenna skilmála vegna markaðsviðskipta þrátt fyrir lagaskyldu til þess. Eins og fram komi í skýrslutöku í dómsmáli númer X-648/2012, Jónas Rúnar Sigfússon gegn LBI hf., hafi fyrrverandi starfsmaður Landsbanka Íslands hf., sem var tengiliður stefnda við bankann, staðfest að lánsamningar og kaup í peningamarkaðsbréfum Landsbanka Íslands hafi verið undirstaða vaxtaskiptasamninga eins og þess sem stefndi hafi gert við Landsbanka Íslands hf. Hann hafi jafnframt staðfest að bankinn hefði átt að gera skriflegan samning um þessi viðskipti.

Stefndi vísar einnig til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, sem tóku gildi í nóvember 2007, rétt eftir að gengið hafi verið frá framangreindum vaxtaskiptavíðskiptum. Ákvæði þetta skyldi fjármálafyrirtæki til að gera skriflegan samning við almennan fjárfesti ef fjármálafyrirtækið tekur að sér þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta. Ekki hafi verið brugðist við þessari skyldu við gildistöku laganna. Þá liggja fyrir í málinu að stefndi hafi ekki fengið viðeigandi upplýsingar í tengslum við skyldu fjármálafyrirtækja til þess að flokka víðskiptavin, sbr. 21. gr. laga nr. 108/2007.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að bankinn hafi hvorki veitt ráðgjöf um eðli gerningsins né áhættuna sem í honum hafi falist. Víðskiptin hafi falið í sér áhættu sem stefndi hafi hvorki haft vitneskju um né þekkingu á. Samkvæmt 5. gr. þágildandi laga nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, og 14. og 15. gr. núgildandi laga nr. 108/2007, hafi bankanum borið að afla sér upplýsinga hjá stefnda um þekkingu og reynslu hans af verðbréfavíðskiptum. Í ljósi þessa hafi bankanum borið að veita stefnda greinargóðar upplýsingar m.a. um þá fjárfestingarkosti sem honum hafi staðið til boða. Slíkar upplýsingar eigi samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði að vera skýrar, nægjanlegar og ekki villandi þannig að víðskiptavinur geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun. Aðkoma bankans að umræddum víðskiptum sé ekki í samræmi við almenna venju í bankavíðskiptum. Þá geti víðskiptin ekki talist tilhlýðileg fjárfesting fyrir almennan víðskiptavin með enga reynslu og fjármálaþekkingu, sbr. 4. gr. þágildandi laga nr. 33/2003.

Umrædd víðskipti hafi falið í sér verulega gengisáhættu fyrir stefnda sem hann hafi aldrei verið upplýstur um. Starfsmaður bankans hafi fullyrt að um væri að ræða áhættalaus víðskipti. Þetta fái einnig stoð í yfirlýsingum sem bankinn sjálfur hafi látið frá sér í tengslum við víðskipti með Peningabréf Landsbankans. Engin gögn séu til um að bankinn hafi upplýst stefnda, sem almennan víðskiptavin, um eðli og áhættu samfara vaxtaskiptavíðskiptunum.

Stefndi byggir í þriðja lagi á því að hvatning starfsmanna Landsbanka Íslands hf. til stefnda, sem einstaklings og almenns víðskiptavinar, um að taka þátt í áhættusömum víðskiptum, sé andstæð góðri víðskiptavenju, sbr. 4. og 6. gr. þágildandi laga nr. 33/2003. Stefndi hafi augljóslega ekki haft burði til að taka slíka áhættu sem falist hafi í þeim víðskiptum sem bankinn hafi kynnt honum. Hann hafi verið á einföldum kennaralaunum og leitað til bankans í þeim tilgangi að fjármagna tímabundið fasteignakaup. Þá sé nú alþekkt að á árunum 2007 og 2008 hafi

forsvarsmenn Landsbanka Íslands hf. unnið að því með ólögætum hætti að hindra að hlutabréf í bankanum lækkuðu í verði, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 842/2014 og 456/2014. Þá sé búið að sýna fram á að helstu fjárfestingar Peningabréfa Landsbankans hafi verið í bankanum sjálfum og tengdum félögum, sem hafi verið andstætt þeirri stefnu sem sjóðurinn hafi kynnt. Það að hvetja viðskiptamenn til að fjárfesta í Peningabréfum Landsbankans, sem búið sé að sýna fram á að hafi verið notuð m.a. til þess að halda uppi verðinu á bankanum og fyrirtækjum tengdum honum, hafi því fallið að þessum fyrirætlunum Landsbanka Íslands hf.

Í fjórða lagi byggir stefndi á því að kynning og ráðgjöf Landsbanka Íslands hf. hafi ekki verið í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi, sbr. 4. gr. þágildandi laga nr. 33/2003, 5. gr. laga nr. 108/2007 og 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Ákvæði 5. gr. laga nr. 108/2007 feli í sér almenna hegðunarreglu. Þá séu sérstakar hegðunarreglur í II. kafla laga nr. 108/2007 og reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestingarvernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem séu nánari útfærsla á hinni almennu reglu. Hinar sérstöku hegðunarreglur feli ekki í sér tæmandi talningu á því hvernig fjármálafyrirtæki beri að haga sér í öllum tilvikum. Fjármálafyrirtæki beri þannig að meta hvert og einstakt tilvik með hliðsjón af hagsmunum viðskiptavinarins. Við það mat verði að horfa til þess hvernig hlutrænt meggi telja að gegn og skynsamur starfsmaður hefði hagað sér undir tilteknum kringumstæðum og þá eftir atvikum hvort bankinn hefði átt að vita að um óeðlilega og óheilbrigða viðskiptahætti væri að ræða, sem væru til þess fallnir að skaða trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina. Háttsemi Landsbanka Íslands hf. hafi stórlega skaðað hagsmuni stefnda og skilið hann eftir í fjárhagslegu tómarúmi því hann hafi ekki getað fengið fyrirgreiðslu í bönkum eða sparisjóðum vegna skráðrar skuldastöðu hjá Landsbanka Íslands hf.

Með vísan til alls framangreinds telur stefndi ljóst að stefnandi geti ekki byggt rétt á lánsamningum nr. 11605 og 8020. Samningarnir séu órjúfanlegur hluti af vaxtaskiptaviðskiptum stefnda og Landsbanka Íslands hf. sem síðan hafi flust yfir til stefnanda. Umrædd viðskipti, og þar með lánsamningarnir tveir, verði að teljast ólögæt þar sem bankinn hafi í aðdraganda þeirra virt að vettugi og beinlínis brotið gegn ákvæðum 4., 5., 6. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2003, ákvæði 5., 9., 14. og 15. gr. laga nr. 108/2007, sem og 19. gr. laga nr. 161/2002.

Verði ekki fallist á framangreint byggir stefndi sýknukröfu sína á ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Stefndi byggir á því að það sé ósanngjarn og andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi beri fyrir sig umrædda lánsamninga og að þeim skuli vikið til hliðar í heild sinni með stoð í 36. gr. laga nr. 7/1936. Stefndi byggir á því að öll skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins séu fyrir hendi. Í fyrsta lagi beri að líta til efnis þess samnings, sem málið snúist um. Í því máli sem hér sé til úrlausnar sé um að ræða tvo lánsamninga sem séu hluti af órjúfanlegri heild. Lánsamningarnir séu annar helmingur vaxtaskiptasamnings sem hafi verið milli stefnda og forvera stefnanda, Landsbanka Íslands hf. Ekki sé hægt að krefjast greiðslu samkvæmt lánsamningunum án þess að vaxtaskiptasamningurinn komi til skoðunar. Stefndi vísar til þess sem að framan er rakið um tilurð og umgjörð viðskiptanna þar sem lög og reglur hafi verið þverbrotin.

Í öðru lagi beri að líta til atvika við samningsgerð. Stefndi byggir á því að ekki hafi verið rétt staðið að gerð samningsins þar sem hvorki hafi verið gengið frá skriflegum samningi né veittar viðeigandi upplýsingar við lánveitinguna og áhættutökuna. Framangreindum skyldum hafi bankinn í engu sinnt. Með þessari háttsemi hafi bankinn brotið gegn ákvæðum 4., 5., 6. og 2. mgr. 7. gr. þágildandi laga nr. 33/2003, ákvæðum 5., 9., 14. og 15. gr. laga nr. 108/2007 og 19. gr. laga nr. 161/2002.

Í þriðja og fjórða lagi byggir stefndi á því að staða samningsaðila og atvik sem síðar hafi komið til, þar á meðal markaðsmisnotkun og meðferð á Peningamarkaðssjóðum Landsbanka Íslands hf., styðji enn frekar að uppfyllt séu skilyrði til þess að víkja lánsamningunum frá í heild.

Að öðru leyti vísar stefndi til fyrri málsástæðna.

Verði ekki fallist á að víkja beri framangreindum lánsamningum til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936, þá byggir stefndi á því að það sé óheiðarlegt af stefnanda að bera þessa skuldbindingu stefnda fyrir sig. Þegar horft sé til þeirra ráðlegginga sem stefnda hafi verið veittar um lántöku, sem falið hafi í sér verulega áhættu fyrir hann, og vanrækslu bankans á að kynna fyrir honum áhættuna sem hafi falist í viðskiptunum, ásamt vanrækslu á að flokka hann sem almennan viðskiptavin í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007, verði að telja að umræddir lánsamningar séu ógildir samkvæmt 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1986. Geti stefnandi því ekki krafist endurgreiðslu lánsfjárhæðarinnar og beri að aflétta veðum

sem sett hafa verið til tryggingar skuldbindingunum og sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Bankinn hafi átt að vita betur um forsendur ráðgjafarinnar og tryggja að starfsmenn hans héldu að viðskiptavinum réttum upplýsingum í ráðgjöf sinni þannig að viðskiptavinir gætu treyst því að ráðgjöfin væri hlutlaus og á henni byggjandi. Hefði bankinn ekki hvatt til þessara viðskipta og stefndi gert upp allar sínar kröfur, í stað þess að fallast á vaxtaskiptasamninginn, hefði þessi staða ekki verið fyrir hendi. Jafnframt verði að hafa í huga, sé tekið mið af þeim upplýsingum sem nú liggi fyrir, að stjórnendum Landsbanka Íslands hf. hafi mátt vera ljóst hver staða bankans hafi verið og hvert hafi stefnt á þeim tíma sem samningarnir hafi verið gerðir.

Þar sem stefndi hafi ekki haft sérþekkingu, sérmenntun eða reynslu af viðskiptum með fjármálagerninga, verði að gera enn ríkari kröfur en ella til Landsbanka Íslands hf. um að hann starfaði í samræmi við góða og eðlilega viðskiptahætti í viðskiptum sínum við stefnda. Þá hafi bankinn virt að vettugi upplýsingaskyldu sína, skyldur um góða viðskiptahætti, leiðbeiningarskyldu og reglur um fjárfestavernd.

Bæði Landsbanki Íslands hf. og stefnandi séu fjármálafyrirtæki með mikla þekkingu á viðskiptum með fjármálagjörninga og beri sem slíkir mikla ábyrgð gagnvart skjólstæðingum sínum. Með vísan til framangreinds telur stefndi að það sé óheiðarlegt af stefnanda að bera þessa skuldbindingu fyrir sig og að umræddir lánsamningar séu ógildir með vísan til 33. gr. laga nr. 7/1936.

Ef ekki verður fallist á aðalkröfu stefnda um sýknu krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði allverulega lækkaðar. Stefndi krefst þess að skuld hans samkvæmt lánsamningum nr. 8020 og 11605 takmarkist við uppgjör úr Peningabréfum Landsbanka Íslands hf., þ.e. innstæðu á handveðsettum bankareikningi. Stefndi byggir þessa kröfu á sömu málsástæðum og aðalkrafa hans byggist á auk þess sem hann byggir á óskráðum meginreglum samningaréttar um réttmætar væntingar og að samninga skuldi halda. Þá byggir stefndi enn fremur á að lánsamningarnir séu ekki skuldbindandi fyrir hann vegna rangra forsendna, sbr. 1 mgr. 32. gr. laga nr. 7/1936. Það hafi verið forsenda og ákvörðunarástæða stefnda að fjármálafyrirtækið gerði við hann samning sem fæli ekki í sér neina áhættu fyrir hann. Síðar hafi komið í ljós að sú forsenda og ákvörðunarástæða hafi verið röng. Stefndi byggir á því að Landsbanki Íslands hf. hafi mátt vita að hann gæti ekki staðið við loforð sín við samningsgerðina og að stefndi hefði aldrei gengið til samninga hefði hann verið

upplýstur á réttan hátt um eðli gerningsins.

Stefnandi vísar til laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003 og 108/2007, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, til réttarfarsreglna og meginreglna kröfuréttar og samningaréttar, reglunnar um vinnuveitendaábyrgð og sérfræðiábyrgð. Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á 1. mgr. 30. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

IV.

Stefndi gaf skýrslu fyrir dómi. Þá gáfu skýrslur Jón Þór Helgason, fyrrverandi starfsmaður Landsbanka Íslands hf., og Fannar Ólafsson, fyrrverandi starfsmaður stefnanda, báðir persónulegir ráðgjafar stefnda.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing Jóns Þórs frá 9. maí 2008 þar sem hann lýsir því hvernig hann hafi gert samning við stefnda um að nýta vaxtamun á milli erlendra og innlendra myntar. Í yfirlýsingunni segir Jón Þór jafnframt að hann hafi gert stefnda grein fyrir áhættunni af þessu en bent honum á að til lengri tíma ætti vaxtamunurinn að geta gefið honum umframtekjur. Til lengri tíma ætti staða viðskiptanna þannig að vera í versta falli nálægt núlli eða með lítilli áhættu. Lánið skyldi vera undir eftirliti sérfræðinga í skuldastýringu. Þá segir að vegna frétta um misnotkun bankanna á krónunni til að bæta afkomu sína hefði verið kominn upp forsendubrestur í þessum viðskiptum sem væru orðin allt annars eðlis en það „viðskiptamódel“ sem hann hefði kynnt stefnda.

Jón Þór var tengiliður bankans við stefnda þegar fyrra lánið var veitt. Að hans sögn hafði stefndi farið að velta fyrir sér eftir sölu á fasteign sinni í september 2007 hvað væri skynsamlegt í stöðunni en á þessum tíma hafi endalaust verið hægt að verða ríkur í gegnum bankakerfið eins og vitnið orðaði það. Jón Þór benti m.a. á þá hugmynd að stefndi gerði vaxtaskiptasamning. Til að gera slíkan samning hefði stefndi þurft að fara inn á fyrirtækjasvið og á gjaldeyrisborðið þar. Þar hefði mál hans farið í gegnum gjaldeyrismiðlara, og stefndi verið látinn gangast undir stöðupróf, þar sem sérfræðingar bankans myndu kanna hversu mikið vit viðskiptamaðurinn hefði á slíkum viðskiptum, þ.e. hvort hann gerði sér grein fyrir því hvað þarna væri á ferðinni. Þetta hefði falið í sér viðtöl sérfræðinga við viðskiptamanninn og próf sem lögð yrðu fyrir hann og hann þurft að standast. Jón Þór kvaðst hins vegar hafa gert þau mistök að senda stefnda ekki í gegnum þetta ferli, heldur hafi hann lagt mál stefnda einfaldlega fyrir lánanefnd bankans sem samþykkti lánveitingu til stefnda. Vitnið taldi sig hafa átt að stöðva þessi viðskipti

en jafnframt hafi lánanefndin átt að gera það. Þetta hafi verið óvenjuleg leið og vitnið muni bara eftir þessu máli og öðru til en önnur sambærileg mál hafi farið í gegnum hið hefðbundna ferli. Vitnið kvaðst hafa kynnt fyrir stefnda að í þessum viðskiptum gæti falist áhætta og kynnt stefnda fyrir Kjartani Haukssyni, sérfræðingi í gjaldeyrismálum. Stefndi hafi getað hringt í hann og fengið allar upplýsingar. Vitnið taldi þó að hann hefði ekki átt að skilja stefnda eftir með að meta áhættuna.

Aðspurður um áhættuna taldi vitnið að til langs tíma gætu viðskiptin þýtt í versta falli óbreytta stöðu, það væri ekki, ef til lengri tíma væri litið, hægt að tapa á þessu. Hins vegar gætu slík viðskipti í stuttan tíma, verið áhættusöm og skilað tapi en einnig miklum gróða. Á heildina litið hafi verið hægt að líta svo á að þetta væri lítil áhætta.

Vitnið taldi ljóst að vaxtamunasamningur hefði farið fyrir lánanefnd og að þar hefði allt verið skjalfest og farið yfir málið. Á slíkum fundum hafi verið framkvæmdastjórar á fyrirtækjasviði sem hefðu skrifað ásamt vitninu undir ákvörðunarblað. Viðstaddur þessa fundi hafi einnig verið lögfræðingur bankans.

Yfirlýsingin sem að framan er getið var gerð eftir páska 2008. Vitnið sem þá starfaði við ráðgjöf hafði frétt að lögmenn bankans væru farnir að undirbúa gjaldþrot bankans. Gaf hann þessa yfirlýsingu út fyrir stefnda samkvæmt beiðni hans, en vitnið kvaðst þarna hafa séð að bankinn gætti ekki hagsmuna viðskiptavina sinna.

Vitnið kvaðst ekki sjálfur hafa getað gert vaxtaskiptasamning eins og þann sem um ræðir en að hann hafi vitað af honum, enda hafi það verið forsenda fyrir lánsamningnum að slíkur samningur væri í gildi og stefnandi gæti nýtt sér vaxtamun.

Síðar hafi komið í ljós að lánin væru ólögsmæt og að peningamarkaðslán hafi verið kynnt af bankanum sem áhættulaus, en þar hafi bankinn logið að starfsmönnum bankans og viðskiptavinum. Allir bæklingar sem legið hafi frammi hafi sagt peningabréf vera áhættulaus. Vitnið tók samt fram að það hafi verið stefndi sem hafi tekið ákvörðun um að eiga þessi viðskipti en ekki hann. Vitnið kvaðst þó hafa brugðist í því að stýra stefnanda rétta leið og/eða lánanefnd. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað betur en að þetta væri 100% öruggt.

Vitnið sagði það lykilatriði að hefði reglum bankans verið fylgt þá hefði þetta aldrei gerst, þ.e. ekki hefði verið ráðist í þessi viðskipti og ekkert vandamál skapast. Bankinn hafi ekki farið eftir þeim ferlum sem hann hafi átt að fara eftir, mistök hafi verið gerð og bankinn hefði átt að stöðva þessi viðskipti. Vitnið taldi það mjög alvarlegan hlut að lánanefndin skyldi ekki stöðva þetta.

Vitnið Fannar Ólafsson, sem tók við málum stefnda þegar Jón Þór hætti, sá ekki samning við stefnda en kveðst hafa gengið út frá því að vaxtaskiptasamningur væri milli aðila. Hans skilningur hafi verið sá að þetta væri vaxtaskiptasamningur. Vitnið kannaðist við að Jón Þór hefði komið á nokkrum svona viðskiptum, ekki mörgum en þau hefðu verið svipaðs eðlis.

V.

Ágreiningur máls þessa lýtur að greiðsluskyldu stefnda samkvæmt tveimur lánessamningum milli aðila, annars vegar samningi nr. 8020, undirrituðum 23. maí 2007, og hins vegar samningi nr. 11605, undirrituðum 14. mars 2008. Lán samkvæmt báðum samningum hafa verið endurútreiknuð á grundvelli laga nr. 151/2010, um breytingu á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og í samræmi við dóma Hæstaréttar Íslands um ólögsmæta gengistryggingu lána og gildi fullnaðarkvittana við endurútreikning þeirra. Ákvæðum samninganna er í grófum dráttum lýst hér að framan. Í málinu er óumdeilt að stefndi fékk lánsfjárhæðir greiddar út til ráðstöfunar samkvæmt samningunum. Þá er ekki deilt um endurútreikning lánanna eða fjárhæð eftirstöðva þeirra að öðru leyti.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að skuldbindingar hans samkvæmt umþrættum lánessamningum séu óskuldbindandi, ógildar eða að þeim verði vikið til hliðar eftir nánar tilgreindum reglum III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Málalíbúnað sinn byggir stefndi á því að lánessamningarnir séu hlutar af viðskiptum hans við forvera stefnda, Landsbanka Íslands hf., um vaxtaskipti og að meta verði gildi samninganna í því samhengi. Fyrri lánessamningurinn, nr. 8020, var undirritaður 23. maí 2007, áður en stefndi keypti Peningabréf Landsbankans, að andvirði 72.500.000 krónur, 5. september sama ár. Kveður stefndi að samkvæmt munnlegum samningi við starfsmann stefnanda hafi samkomulag verið um að í stað þess að fjárhæðin yrði notuð til þess að greiða upp m.a. lán samkvæmt samningi nr. 8020, skyldu innlausnir af peningabréfunum vera notaðar til þess að greiða vexti og kostnað af láninu. Síðari lánessamningurinn, nr. 11605, var undirritaður eftir að stefndi keypti Peningabréf Landsbankans. Það lán kveðst stefndi hafa tekið í tengslum við fasteignaviðskipti sín og að samkvæmt samkomulagi við starfsmann bankans skyldi lánessamningurinn

„ganga inn í vaxtaskiptasamning aðila“. Þetta síðara lán skyldi því einnig greiða niður með innlausnum hans af peningabréfunum og kveður stefndi að greiðslubyrði hans hafi því ekki átt að aukast. Stefndi byggir á því að framangreind viðskipti hafi falið í sér munnlegan vaxtaskiptasamning. Vegna þess að eigendur í Peningabréfum Landsbankans fengu aðeins 68,8% af inneignum sínum greidd út hafi stefndi tapað fjármunum sem hann hefði notað til þess að greiða upp eldra lánið hefði ekki komið til ráðlegginga frá starfsmanni bankans. Með sama hætti hefði hann ekki tekið síðara lánið hefði hann selt inneign sína í peningabréfunum í stað þess að fara eftir ráðgjöf starfsmanns bankans. Af hálfu bankans hafi ekki verið farið að lögum og reglum í þessari ráðgjöf eða við gerð hins munnlega vaxtaskiptasamnings. Með hliðsjón af framangreindu telur stefndi að lánessamningarnir séu óskuldbindandi fyrir hann, þeir séu ógildir eða að þeim beri að víkja til hliðar í heild eða að hluta.

Að mati dómsins þykir hafa verið leitt í ljós að samkvæmt ráðleggingum frá starfsmanni forvera stefnanda, Landsbanka Íslands hf., hafi stefndi gert samkomulag um að innlausnir af inneign hans í Peningabréfum Landsbankans skyldu notaðar til þess að greiða vexti og kostnað af lánum samkvæmt hinum umþrættu samningum. Hins vegar liggur ekki fyrir að bindandi samningur hafi verið um það milli aðila að stefndi hafi verið skuldbundinn til að nota innlausnir sínar af inneignum hans í Peningabréfum Landsbankans með þeim hætti sem að framan er lýst heldur hafi samkomulagið fyrst og fremst snúið að því hvernig minnka mætti greiðslubyrði stefnda af lánum hans hjá bankanum. Þá verður að líta til þess að samningur nr. 8020 var undirritaður áður en stefndi keypti peningabréfin og að þrátt fyrir að samningur nr. 11605 hafi verið undirritaður eftir kaupin er þar í engu vikið að því fyrirkomulagi sem að framan greinir. Segir til að mynda í grein 2.2 í síðari lánessamningnum, nr. 11605, að lántaki, þ.e. stefndi, óski eftir því að tékkareikningur hans hjá bankanum verði skuldfærður fyrir afborgunum og/eða vöxtum. Þá liggur fyrir í málinu að stefndi hafði samband við fulltrúa sinn hjá bankanum um hver mánaðamót, þegar að vaxtagreiðslum kom, til að upplýsa um þá fjárhæð sem hann þyrfti að standa skil á. Umþrættir lánessamningar, sem báðir eru skriflegir og undirritaðir af hálfu beggja aðila, bera því hvorugur með sér að vera skilyrtir eða að öðru leyti háðir fyrrgreindu samkomulagi aðila um nýtingu innlausna stefnda af Peningabréfum Landsbankans. Verður þar af leiðandi að meta gildi samninganna sjálfstætt, þótt við það mat geti komið til skoðunar atvik og staða aðila við samningsgerðina.

Af málatilbúnaði stefnda má ráða að hann telji að starfsmenn forvera stefnanda, Landsbanka Íslands hf., hafi með sagnæmum hætti valdið honum tjóni með því að

hvetja hann til að kaupa inneign í peningabréfunum fyrir söluandvirði fasteignarinnar að Sólvallagötu í stað þess að greiða niður lán samkvæmt fyrri lánessamningnum, nr. 8020, og með því að hvetja hann til að taka nýtt lán samkvæmt síðari lánessamningnum, nr. 11605, í stað þess að selja inneign í peningabréfunum. Stefndi gerir hins vegar ekki gagnkröfu í málinu á þeim grundvelli enda kemur ekki fram hvað stefndi telur sig hafa tapað miklu, sé litið til viðskiptanna í heild og að teknu tilliti til endurútreiknings lánanna. Ber þá einnig að hafa í huga að fyrri lán stefnda, samkvæmt samningi nr. 8020, var að fjárhæð 75.000.000 króna en 72.500.000 krónur fengust fyrir fasteignina að Sólvallagötu. Hefði stefndi því ekki getað greitt lánið upp að fullu með söluandvirði fasteignarinnar eða komist hjá því að taka síðara lánið, samkvæmt samningi nr. 11605, hefði hann ekki keypt inneign í Peningabréfum Landsbankans. Að mati dómsins getur stefndi ekki komið sér hjá því að sýna fram á tjón sitt og umfang þess með því að krefjast þess að hinir umþrættu lánessamningar verði dæmdir óskuldbindandi fyrir hann.

Þrátt fyrir að fallist sé á það með stefnda að hagsmunir hans hafi ekki verið hafðir að leiðarljósi þegar honum var ráðlagt að kaupa inneign í Peningabréfum Landsbankans og að við þau kaup hafi bankinn ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt 5. og 6. gr. þágildandi laga nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, eða 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, getur það ekki leitt til þess að stefndi þurfi ekki að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt hinum umþrættu lánessamningum. Þá getur niðurstaða sakamála á hendur æðstu stjórnendum bankans ekki leitt til þess að stefndi þurfi ekki að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir málsástæðum sínum.

Stefndi byggir á því að lánessamningarnir séu óskuldbindandi fyrir hann með vísan til þess að af hálfu bankans hafi ekki verið gætt að ákvæðum 7. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, við gerð fyrrgreinds vaxtaskiptasamnings. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarps að lögum nr. 33/2003 kemur fram að með orðalaginu „viðvarandi viðskiptasamband“ sé átt við að ekki sé ætlast til sérstakrar samningsgerðar um einstök tilfallandi samskipti fyrirtækis og viðskiptavina. Þá segir að þó sé ráðlegast að einhver samningur sé fyrir hendi um réttarstöðu viðskiptavinar þannig að hann geti í upphafi samningssambands gert sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum. Ekki er byggt á því að starfsmenn bankans hafi ráðstafað eignum stefnda án vitundar hans og vilja eða tekið fyrir það óumsamið gjald, sbr. skilgreiningu eignastýringar í 3. tölulið 1. gr. laganna. Ef svo hefði verið og í óþökk stefnda verður ekki betur séð en að hann hafi allt til febrúar 2008 getað

Þá selt bréfin. Þá verður ekki séð að kaup stefnda á inneign í Peningabréfum Landsbankans feli í sér eignastýringu af hálfu bankans samkvæmt orðalagi 7. gr. laga nr. 33/2003 þar sem samkomulag aðila fól ekki í sér að af hálfu bankans hafi verið heimilt að selja inneign stefnda í Peningabréfum Landsbankans eða ráðstafa fjármunum hans að öðru leyti, að honum forspurðum. Þótt fallast megi á það að af hálfu bankans hefði verið réttast að gera skriflegan samning um viðskiptin verður, að framangreindu virtu, ekki fallist á það að vankantar þar á valdi því að umþrættir lánessamningar séu óskuldbindandi fyrir stefnda.

Stefndi vísar einnig um kröfur sínar til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Í athugasemdum við 9. gr. frumvarps að lögunum segir að ákvæðið taki aðeins til nýrra viðskipta sem stofnað sé til eftir gildistöku laganna, 1. nóvember 2007. Ákvæðið gildir því ekki um kaup stefnda á inneign í Peningabréfum Landsbankans 5. september 2007.

Stefndi vísar jafnframt til 21. gr. laga nr. 108/2007. Að mati dómsins getur vanræksla bankans á að flokka stefnda í samræmi við 21. gr. laganna ekki leitt til þess að stefndi komist hjá því að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt hinum umþrættu lánessamningum enda hefur stefndi ekki sýnt fram á hvernig sú vanræksla hafi haft áhrif, ef einhver, á ákvörðun hans um að taka þau lán sem um er deilt. Er þá sérstaklega horft til þess að þegar stefndi tók fyrra lánið hafði hann ekki keypt inneign í Peningabréfum Landsbankans. Þá hefði söluandvirði fasteignarinnar að Sólvallagötu, 72.500.000 krónur, ekki dugað eitt og sér til þess að greiða upp fyrra lánið, sem var að fjárhæð 75.000.000 króna, og þar með ekki sýnt fram á að stefndi hefði ekki tekið síðara lánið, að fjárhæð 10.000.000 króna, hefði hann ekki keypt inneign í peningabréfunum.

Þá byggir stefndi á því að af hálfu forvera stefnanda, Landsbanka Íslands hf., hafi ekki verið veitt ráðgjöf um eðli gerningsins eða áhættuna sem í honum hafi falist. Samkvæmt framlagðri yfirlýsingu Jóns Þórs Helgasonar og framburði hans fyrir dómi má ráða að stefnda hafi verið gerð grein fyrir áhættunni af því að kaupa Peningabréf Landsbankans samhliða því að vera með gengistryggð lán hjá bankanum. Telja verður að stefndi hafi gert sér grein fyrir eðli gerningsins og að stefnda hafi ekki getað dulist að honum fylgdi ákveðin áhætta, í öllu falli meiri áhætta en í því að nota söluandvirði fasteignarinnar að Sólvallagötu til þess að greiða niður fyrra lánið. Þá verður ekki litið fram hjá því að með lánum bundnum við gengi erlendra gjaldmiðla og lágum LIBOR-vöxtum fékk stefndi góð vaxtakjör en tók á sig gengisáhættu. Hins vegar hafa lánin nú verið endurútreiknuð og

lækkuð, stefnda til hagsbóta, og þarf hann því ekki að bera áhættuna af gengistryggingu lánanna. Að framangreindu virtu verður ekki talið að upplýsingaskyldu bankans hafi verið svo ábótavant að það geti leitt til þess að lánsamningarnir séu óskuldbindandi fyrir stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína enn fremur á því að það sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi beri fyrir sig umþrætta lánsamninga og að þeim beri að víkja til hliðar í heild sinni á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Við mat á því hvort ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig umþrætta samninga skal líta til efnis þeirra, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Eins og fram hefur komið fékk stefndi greidd út lán samkvæmt hinum umþrættu samningum. Að mati bankans fólu báðir samningar í sér ákvæði um gengistryggingu lána, sem dæmd hefur verið ólögmæt, og endurreiknaði bankinn þar af leiðandi eftirstöðvar lánanna sem lækkuðu við það talsvert. Það getur því ekki talist ósanngjarnt fyrir stefnanda að bera fyrir sig samninganna á grundvelli efnis þeirra.

Þótt aðstöðumunur hafi verið milli Landsbanka Íslands hf. og stefnda, þegar hann skuldbatt sig gagnvart bankanum, getur það eitt ekki ráðið úrslitum. Þegar litið er til annarra atriða sem skipta máli við þetta heildarmat verður ekki talið ósanngjarnt af stefnanda eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig hina umþrættu lánsamninga. Ber þá að líta til þess að ekki hallaði á stefnda við samningsgerðina, svo einhverju nemi, þótt lagðar séu til grundvallar fullyrðingar hans um þá ráðgjöf sem hann fékk við kaup á Peningabréfum Landsbankans. Hvað sem öðru líður gat honum ekki dulist að meiri áhætta fólst í því fyrirkomulagi að nota innlausnir af peningabréfunum til þess að greiða af lánunum heldur en að greiða niður fyrra lánið með söluandvirði fasteignarinnar að Sólvallagötu og taka ekki síðara lánið. Vísast til þess sem að framan er rakið um að stefndi fékk góð vaxtakjör með lánunum og að hann þurfi nú ekki að bera gengisáhættuna af lánunum vegna endurútreiknings bankans. Að öllu framangreindu virtu verður ekki séð að stefndi hafi uppi nokkrar mótbárur við því að honum beri að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningunum, eins og þær hafa verið endurútreiknaðar. Það getur ekki talist ósanngjarnt samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 að stefndi greiði til baka það sem hann hefur fengið lánað. Þá gat stefndi við samningsgerðina ekki haft réttmætar væntingar til þess að ætla að hann þyrfti ekki að standa við skuldbindingar sínar

samkvæmt lánsamningunum myndu fjárfestingar hans í Peningabréfum Landsbankans ekki standast væntingar. Loks verður að líta til þess að samkomulag stefnda við bankann um hvernig hann hygðist greiða af hinum umþrættu lánum var með fullri vitund hans og vilja og gildir þá einu þótt það hafi ekki verið að hans frumkvæði. Hefur stefnda því ekki tekist að sýna fram á að aðstæður eða staða sammingsaðila við sammingsgerð hinna umþrættu lánsamninga hafi verið með þeim hætti að víkja beri þeim til hliðar í heild eða að hluta samkvæmt ákvæðum 36. gr. laga nr. 7/1936.

Með sömu rökum og að framan greinir er ekki fallist á að ógilda beri lánsamningana á grundvelli 33. gr. laga nr. 7/1936, um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, og aflétta veðum sem sett hafa verið til tryggingar skuldbindingunum, eða að lánsamningarnir séu ekki skuldbindandi fyrir stefnda vegna rangra forsendna með vísan til 32. gr. laga nr. 7/1936. Líkt og komið hefur fram er það mat dómsins að stefndi gat við sammingsgerðina ekki haft réttmætar væntingar til þess að ætla að hann þyrfti ekki að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lánsamningunum myndu fjárfestingar hans í Peningabréfum Landsbankans ekki standast væntingar.

Að öllu framangreindu virtu er kröfu stefnda um lækkun á dómkröfum stefnanda einnig hafnað enda liggur ekki fyrir hvað stefndi telur sig hafa tapað miklu, sé litið til viðskiptanna í heild og að teknu tilliti til endurútreiknings lánanna. Verða dómkröfur stefnanda því teknar til greina ásamt dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessa niðurstöðu og í samræmi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, en aðilar og dómari voru sammála um að ekki væri þörf á endurflutningi málsins.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Jónas Rúnar Sigfússon, greiði stefnanda, Landsbankanum hf., 128.439.804 krónur ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 113.713.361 krónu frá 9. janúar 2014 til 19. júní 2014 og af 128.439.804 krónum frá 19. júní 2014 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun hinn 1. mars 2017 að fjárhæð 72.129.786 krónur, sem dregst frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari